




Ársreikningur 2020

Greinargerð

Hér á eftir eru teknar saman frekari upplýsingar um ársreikning ársins 2020, að öðru leyti er vísað til ágættra skýringa með ársreikningnum sjálfum og skýrslu endurskoðanda. Ársreikningur samanstendur af upplýsingum um A-hluta sveitarsjóðs og samantekin A- og B-hluta. Í A-hluta er aðalsjóður auk eignasjóða. Í B-hluta eru veitustofnanir, hafnarsjóður, félagslegar íbúðir, Tímatákn ehf, og hlutdeild Sveitarfélagsins Skagafjarðar í Eyvindarstaðaheiði ehf.

Rekstur

Rekstrartekjur Sveitarfélagsins Skagafjarðar námu á árinu **6.321 millj. króna** af samstæðunni í heild, A- og B-hluta. Þar af voru rekstrartekjur A-hluta **5.330 millj. króna**. Rekstrargjöld samstæðunnar að frátöldum afskriftum og fjármagnsliðum voru **5.742 millj. króna**, þ.a. A-hluta **5.037 millj. króna**. Rekstrarniðurstaða A- og B-hluta fyrir afskriftir og fjármagnsliði er jákvæð um **578 millj. króna**, þar af er rekstrarniðurstaða A-hluta jákvæð fyrir afskriftir og fjármagnsliði um **294 millj. króna**. Afskriftir eru samtals **236 millj. króna**, þar af **144 millj. króna** hjá A-hluta. Fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur voru hjá samstæðunni í heild samtals **295 millj. króna**, þ.a. eru **241 millj. króna** fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur í A-hluta sveitarsjóðs. Rekstrarafgangur A- og B-hluta á árinu 2020 er **46 millj. króna** og rekstrarniðurstaða A hluta er neikvæð um **92 millj. króna**.






Efnahagur

Eignir Sveitarfélagsins Skagafjarðar A- og B-hluta voru í árslok samtals **11.094 millj. króna**, þ.a. voru eignir A hluta **8.911 millj. króna**. Skuldir og skuldbindingar voru í árslok 2020 samtals **7.802 millj. króna**, þ.a. hjá A-hluta **7.027 millj. króna**. Langtímaskuldir námu alls **4.872 millj. króna** hjá A- og B-hluta auk **546 millj. króna** næsta árs afborgana. Eigið fé nam **3.291 millj. króna** hjá samstæðunni í árslok og er eiginfjárhlutfall **29,7%**. Af þessari tölu nam eigið fé A-hluta **1.884 millj. króna** og eiginfjárhlutfall **21,1%**. Lífeyrisskuldbindingar nema **1.297 millj. króna** í árslok og hækkuðu á árinu um **48 millj. króna** nettó vegna aukinna lífeyrisréttinda og lengingu á lífaldri í útreikningum.

Sjóðstreymisýfirlit

Veltufé frá rekstri A- og B-hluta nam **520 millj. króna**, þar af er veltufé frá rekstri A-hluta **251 millj. króna**. Handbært fé frá rekstri A- og B-hluta er **612 millj. króna**. Fjárfestingahreyfingar námu á árinu 2020, **714 millj. króna**, þar af námu fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum **688 millj. króna**. Afborganir og skuldbreytingar langtímalána á árinu 2020 eru **412 millj. króna**, handbært fé nam **327 millj. króna** í árslok. Tekin voru ný langtímalán að fjárhæð **714 millj. króna**.





Rekstrartekjur

Sé horft til samanburðar á milli ára á helstu stærðum er lúta að rekstri er breytingin nokkur. Eftirfarandi tafla (Tafla 1) sýnir rekstrarniðurstöðu árána 2009-2020 og hlutfallslega breytingu milli árána 2019-2020.

Tafla 1	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	Br.%
Rekstrartekjur	3086	3162	3298	3548	3902	3933	4316	4917	5196	5506	5977	6321	5,8%
Rekstrargjöld	-2955	-3005	-3213	-3256	-3340	-3649	-4131	-4503	-4847	-4984	-5483	-5978	9,0%
Fjármagnsliðir	-320	-159	-359	-278	-228	-201	-251	-257	-203	-292	-262	-295	12,6%
	-189	-2	-274	14	334	83	-66	157	146	230	232	48	
Óreglul. tekjur -(gjöld)	-63	-13	4	3	-20	44	-31	95	-1	11	-1	-2	
Rekstrarhagnaður -(gjöld)	-252	-15	-270	17	314	127	-97	252	145	241	231	46	

Fjárhæðir eru í þúsundum króna og á verðlagi hvers árs

Rekstrartekjur hækka um tæp 6% á milli ára hjá samstæðunni en rekstrargjöld hækka á sama tíma um 9%. Tæplega 13% hækkun er á fjármagnsliðum sem er afleiðing lántöku vegna verulega aukinna framkvæmda um tæplega 260 m.kr. frá upphaflegri fjárhagsáætlun ársins. Auknar fjárfestingar voru hluti af aðgerðum til viðspyrnu Sveitarfélagsins Skagafjarðar vegna þeirra áhrifa sem Covid-19 veiran hefur haft í för með sér og sem unnar voru í góðri samvinnu allra flokka í sveitarstjórn sl. vor. Þá voru auknar lántökur einnig vegna óvissu lengi vel á liðnu ári um framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og endanlegar útsvarstekjur. Handbært fé er af þeim sökum nokkuð hátt í árslok 2020, þ.e. vegna þess að uppgjör á fyrrgreindum tekjum varð hærra í árslok en horfur voru á en einnig vegna greiðslu frá Menningarsetri Skagfirðinga í Varmahlíð í lok ársins.

Rekstrarkostnaður

Þegar horft er til rekstrarútgjalda, þá er vert að geta þess að laun og launatengdur kostnaður eru þar langstærstu kostnaðarliðirnir. Hjá samstæðunni allri, A- og B-hluta, hljóðuðu þessir kostnaðarliðir upp á um **3.569 millj. króna** á árinu eða sem nemur um **56,5%** af samanlögðum tekjum samstæðunnar. Hækkaði þetta hlutfall þannig skarpt á milli árána 2019 og 2020 eða um 2,3 prósentustig. Sambærilegar tölur fyrir A-hluta eru að laun og launatengdur kostnaður var um **3.362 millj. króna** eða **63,1%** af heildartekjum A-hluta. Hefur það hlutfall ekki verið hærra síðan árið 2017 en það ár var hlutfallið tæp 65% sem skýrist af einskíptis uppgjöri við lífeyrissjóðinn Brú.

Hér að neðan er samanburður á þessum kostnaðarliðum fyrir árin 2009-2020 hjá samstæðunni.

Tafla 2	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020
Rekstrartekjur	3.086	3.161	3.298	3.548	3.902	3.933	4.315	4.917	5.196	5.506	5.977	6.321
Laun og launat. gjöld	1.738	1.820	1.901	1.968	1.978	2.108	2.401	2.691	3.046	3.022	3.244	3.569
Hlutfall af tekjum	56,3%	57,6%	57,6%	55,5%	50,7%	53,6%	55,6%	54,7%	58,6%	54,9%	54,3%	56,5%

Fjárhæðir eru í þúsundum króna og á verðlagi hvers árs

Rekstur málaflokka – ráðstöfun skatttekna

Vert er að skoða hvernig skatttekjum sveitarfélagsins er ráðstafað til einstakra málaflokka í A-hluta, en skatttekjur eiga að standa undir rekstri hans samkvæmt þeim ramma sem sveitarfélögum er sniðinn.



Eftirfarandi tafla (Tafla 3) er sambærileg og tafla í skýringu 24 á bls. 28 í ársreikningi ársins 2020. Í töflunni er sýndur samanburður tíu ára, 2011-2020.

Kostnaður við útgjaldastærsta málaflokkinn, fræðslu- og uppeldismálin, fer hækkandi sem hlutfall af skatttekjum á milli árunum 2019 og 2020. Hlutfallið hefur sveiflast aðeins á undanförunum árum. Það lækkaði á árunum 2012 og 2013, hækkandi að nýju 2014 og 2015 en hefur síðan lækkað þar til á liðnu ári er það hækkar á ný. Mikil hlutfallsleg lækkun á milli árunum 2015 og 2016 skýrist að hluta til vegna þess að tekjur vegna málefna fatlaðs fólks voru þá færðar sem skatttekjur en voru áður færðar sem aðrar tekjur. Launakostnaður félagsþjónustu jókst einnig á árinu 2016 vegna yfirtöku Sveitarfélagsins Skagafjarðar á málefnum fatlaðs fólks á því ári (leiðandi sveitarfélag). Síðan 2017 hefur hlutur félagsþjónustu farið vaxandi sem hlutfall af skatttekjum og er þróunin áfram á þann veg á liðnu ári.

Á síðustu árum hefur verið reynt að gæta aðhaldssemi í rekstri sveitarfélagsins og dregið hefur verið úr ýmsum rekstrarþáttum samhliða því sem lögð hefur verið áhersla á að standa vörð um lögbundna þjónustu sveitarfélagsins. Árið 2020 var afar óvenjulegt sökum Covid-19 heimsfaraldursins sem hafði allveruleg áhrif á marga málaflokka. Mun faraldurinn jafnframt hafa áhrif á rekstur ársins 2021 þótt útlit sé fyrir að verulega rofi til í þeim efnunum á síðari hluta ársins.

Nauðsynlegt er að gæta skynsamlegs aðhalds í sjálfum rekstri sveitarfélagsins til að unnt sé að skapa áfram tækifæri til nauðsynlegra fjárfestinga í innviðum og viðhalds, án þess að skuldsetning þurfi að vera aukin. Aðhaldi þarf þó að beita af skynsemi eins og gert var í óvenjulegum aðstæðum liðins árs með það að markmiði að gæta jafnvægis í þjónustu sveitarfélagsins.

Tafla 3

Aðalsjóður	2011	%	2012	%	2013	%	2014	%	2015	%	2016	%	2017	%	2018	%	2019	%	2020	%
Skatttekjur	2.213		2.358		2.561		2.610		2.807		3.554		3.758		3.969		4.381		4.581	
Félagsþjónusta	178	8,0%	166	7,0%	179	7,0%	210	8,0%	236	8,4%	657	18,5%	674	17,9%	742	18,7%	873	19,9%	963	21,0%
Heilbrigðismál	14	0,6%	14	0,6%	1	0,0%	1	0,0%	7	0,2%	7	0,2%	8	0,2%	8	0,2%	9	0,2%	9	0,2%
Fræðslu- og uppeldismál	1.381	62,4%	1.411	59,8%	1.392	54,4%	1.512	57,9%	1.696	60,4%	1.732	48,7%	1.843	49,0%	1.865	47,0%	1.951	44,5%	2.114	46,1%
Menningarmál	134	6,1%	131	5,6%	117	4,6%	130	5,0%	137	4,9%	146	4,1%	163	4,3%	155	3,9%	171	3,9%	214	4,7%
Æskulýðs- og íþróttamál	286	12,9%	283	12,0%	287	11,2%	308	11,8%	321	11,4%	329	9,3%	351	9,3%	366	9,2%	422	9,6%	501	10,9%
Brunamál og almannavarnir	49	2,2%	52	2,2%	57	2,2%	54	2,1%	59	2,1%	66	1,9%	63	1,7%	71	1,8%	82	1,9%	75	1,6%
Hreinlætismál	19	0,9%	39	1,7%	43	1,7%	43	1,6%	38	1,4%	40	1,1%	40	1,1%	47	1,2%	53	1,2%	61	1,3%
Skipulags- og byggingarmál	39	1,8%	35	1,5%	42	1,6%	46	1,8%	44	1,6%	43	1,2%	45	1,2%	61	1,5%	60	1,4%	88	1,9%
Umferðar- og samgöngumál	61	2,8%	81	3,4%	95	3,7%	86	3,3%	89	3,2%	84	2,4%	77	2,0%	93	2,3%	132	3,0%	154	3,4%
Umhverfismál	56	2,5%	53	2,2%	59	2,3%	60	2,3%	68	2,4%	72	2,0%	72	1,9%	83	2,1%	85	1,9%	99	2,2%
Atvinnumál	46	2,1%	50	2,1%	46	1,8%	50	1,9%	53	1,9%	78	2,2%	67	1,8%	60	1,5%	77	1,8%	89	1,9%
Sameiginlegur kostnaður	186	8,4%	172	7,3%	223	8,7%	231	8,9%	201	7,2%	231	6,5%	246	6,5%	263	6,6%	284	6,5%	267	5,8%
Lífeyrisskuldbinding	78	3,5%	56	2,4%	53	2,1%	85	3,3%	125	4,5%	129	3,6%	249	6,6%	68	1,7%	108	2,5%	101	2,2%
Fjármunatekjur - (gjöld)	57	2,6%	46	2,0%	17	0,7%	23	0,9%	10	0,4%	12	0,3%	14	0,4%	55	1,4%	44	1,0%	30	0,6%
Aðalsjóður samtals	-257		-139		-16		183		257		48		126		-142		-118		125	
Eignasjóður og þjón.st	-14	-0,6%	87	3,7%	51	2,0%	171	6,6%	128	4,6%	91	2,6%	127	3,4%	-50	-1,3%	-3	-0,1%	34	0,7%
Þjónustustöð	-31	-1,4%	-27	-1,1%	-24	-0,9%	-35	-1,3%	47	1,7%		0,0%		0,0%		0,0%		0,0%		0,0%
A-hluti - samtals	-302		-79		11		-47		-176		43		1		92		115		-91	

Fjárhæðir eru í þúsundum króna og á verðlagi hvers árs

Samanburður fjárhagsáætlunar og rauntalna

Þegar samanburður áætlunar og rauntalna í rekstri er skoðaður sést glögglega að flestir málaflokkar hafa staðist fjárhagsáætlun nokkuð vel. Hjá Aðalsjóði má þannig sjá að stærstu



málaflokkarnir, fræðslu- og uppeldismál og félagsþjónusta, eru með fremur lítil hlutfallsleg frávik. Í jafn stórum málaflokki og fræðslu- og uppeldismál eru verður þó að horfa til þess að hvert prósentubrot er umtalverð fjárhæð. Lífeyrisskuldbindingar fara hlutfallslega mest fram úr áætlun og þar á eftir koma hreinlætismál, umhverfismál og umferðar- og öryggismál. Aðrir málaflokkar aðalsjóðs eru ýmist mjög nærri áætlun eða talsvert undir henni. Þá voru skatttekjur nokkuð umfram áætlun eða sem nemur 79 m.kr. Heildarafkoma aðalsjóðs er neikvæð um 92 m.kr. sem er þó 33 m.kr. betri staða en áætlun gerði ráð fyrir.

B-hluta stofnanir voru flestar þokkalega reknar og heildarafkoman 46 m.kr. betri en áætlun gerði ráð fyrir. Munar þar mestu um að tekjur voru umfram áætlun hjá hafnarsjóði og að afkoman var betri en gert var ráð fyrir hjá hitaveitu og fráveitu. Afkoman var aðeins lakari en áætlun gerði ráð fyrir hjá einni stofnun, þ.e. félagslegum íbúðum en niðurstaðan var þó án neikvæðrar rekstrarniðurstöðu þar.

Til nánari greiningar sýnir eftirfarandi tafla heildaryfirlit um rekstur samstæðunnar á árinu og frávik einstakra liða frá fjárhagsáætlun ársins.

Tafla 4

Samanburður	Áætlun 2020 með			
	Ársreikningur	viðaukum	Mismunur	%
Aðalsjóður				
Skatttekjur	4.581	4.502	79	1,8%
Félagsþjónusta	963	976	-13	-1,3%
Heilbrigðismál	9	9	0	0,0%
Fræðslu- og uppeldismál	2.114	2.083	31	1,5%
Meningarmál	214	217	-3	-1,4%
Æskulýðs- og íþróttamál	501	491	10	2,0%
Brunamál og almannavarnir	76	91	-15	-16,5%
Hreinlætismál	61	50	11	22,0%
Skipulags- og byggingarmál	88	86	2	2,3%
Umferðar- og öryggismál	154	146	8	5,5%
Umhverfismál	99	93	6	6,5%
Atvinnumál	89	106	-17	-16,0%
Sameiginlegur kostnaður	267	290	-23	-7,9%
Lífeyrisskuldbinding	101	70	31	44,3%
Fjármunatekjur - (gjöld)	30	48	-19	-38,5%
Aðalsjóður samtals	-126	-158	33	-20,6%
A-hluta stofnanir				
Eignarsjóður og þjón.stöð	34	34	0	100,0%
A-hluti - sveitarsjóður samtals	-92	-124	33	
B-hluta stofnanir				
Hafnarsjóður	57	38	19	
Vatnsveita	21	16	5	
Sjóveita	-2	-2	0	
Hitaveita	0	-14	14	
Fráveita	53	44	9	
Félagslegar íbúðir	4	10	-6	
Tímatákn ehf	3	0	3	
Eyvindarstaðaheiði ehf	2	0	2	
Hlutdeild minnihluta í afkomu	-1	0	-1	
B-hluta stofnanir samtals	137	92	46	48,9%
A og B-hluti samtals	46	-32	78	-242,2%


Fjárhæðir eru í þúsundum króna



Ákvæði sveitarstjórnarlaga um skuldahlutfall og skuldaviðmið

Í sveitarstjórnarlögum sem tóku gildi í upphafi árs 2012 segir í 64. gr. að „samanlögð heildarútgjöld til rekstrar vegna A- og B-hluta í reikningsskilum skv. 60 gr. séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærrí en nemur samanlögðum reglulegum tekjum“. Þessar skyldur eru uppfylltar frá árinu 2012 eins og glöggst kemur fram í útreikningi á blaðsíðu 26 í meðfylgjandi ársreikningi.

Einnig segir í 64. gr. sveitarstjórnarlaga að heildarskuldir og skuldbindingar A- og B-hluta í reikningsskilum skv. 60. gr. megi ekki vera hærrí en sem nemur 150% af reglulegum tekjum. Frá heildarskuldum og skuldbindingum er heimilt að draga frá hluta lífeyrisskuldbindinga samkvæmt reglugerð 502/2012 um fjárhagsviðmið sveitarfélaga, skuldauppgjör við Brú lífeyrisjóð, auk veltufjármuna sem er ákvæði sem tók gildi árið 2018 (458/2018). Hjá Sveitarfélaginu Skagafirði er skuldaviðmið 90,5% á árinu 2020 hjá samstæðunni, þegar búið er að draga frá hluta lífeyrisskuldbindinga af heildarskuldum og skuldbindingum og veltufjármuni eins og heimilað er. Séu þessi þættir ekki dregnir frá er skuldahlutfallið 123,4% hjá samstæðunni.





Samantekt

Ársreikningur ársins 2020 fyrir Sveitarfélagið Skagafjörð gefur glögga mynd af afkomu sveitarfélagsins á árinu.

Það ber að þakka þann árangur sem þrátt fyrir óvenjulegar og erfiðar aðstæður á liðnu ári hefur náðst í rekstri sveitarfélagsins en jafnframt að brýna menn áfram til góðra verka í þeirri vinnu sem alltaf er í gangi. Mikilvægt er að áframhald verði á góðri samvinnu allra aðila svo halda megi þannig á málum að við getum áfram rekið hér gott samfélag sem er í stakk búið til að veita íbúum sínum góða þjónustu og þannig stuðla að áframhaldandi jákvæðri þróun í vexti og viðgangi sveitarfélagsins. Það hefur sýnt sig að með góðri samvinnu og samstöðu er hægt er að skila góðri niðurstöðu þótt tímabundið gefi á bátinn.

Að lokum vil ég þakka sveitarstjórnarmönnum og starfsfólki Sveitarfélagsins Skagafjarðar fyrir þann góða árangur sem náðst hefur rekstri sveitarfélagsins og veitingu þjónustu við krefjandi aðstæður og síðast en ekki síst öllum þeim sem lögðu á sig ómælda vinnu við gerð þessa ársreiknings.

Sauðárkróki 19. maí 2021

Sigfús Ingi Sigfússon,
sveitarstjóri